



## Afkoma TM á þriðja ársfjórðungi 2016

Reykjavík, 27. október 2016

Á stjórnarfundinum 27. október 2016 samþykkti stjórn og forstjóri TM uppgjör vegna fyrstu níu mánaða ársins 2016. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Afkoma félagsins á þriðja ársfjórðungi var góð og nokkru betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Munurinn liggur að mestu í betri afkomu af váttryggingastarfsemi. Váttryggingastarfsemin skilar mjög góðri afkomu annan fjórðunginn í röð en samsett hlutfall á þriðja ársfjórðungi var 86%. Uppsafnað samsett hlutfall ársins er því komið í 93% sem er talsvert betri árangur en við þörðum að vona í upphafi árs. Það er ljóst að þær aðgerðir sem félagið réðst í á þessu og síðasta ári eru að skila verulegum afkomubata. Fjárfestingatekjur fjórðungsins voru í takt við áætlanir og skila 2,1% ávöxtun. Uppsafnaðar fjárfestingatekjur ársins nema nú rúmum 2.000 m.kr. sem jafngildir 10,8% ársávöxtun.“

### Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs (3F) voru eftirfarandi:

	3F 2016	3F 2015	Δ	Δ%	Á 3F 2016	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.815.083	3.380.119	434.964	12,9%	3.526.112	288.971	8,2%
Fjárfestingatekjur	545.745	1.285.694	-739.949	-57,6%	513.447	32.298	6,3%
Aðrar tekjur	10.377	8.902	1.475	16,6%	8.837	1.540	17,4%
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.371.205</b>	<b>4.674.715</b>	<b>-303.510</b>	<b>-6,5%</b>	<b>4.048.396</b>	<b>322.809</b>	<b>8,0%</b>
Eigin tjón	-2.658.794	-2.270.805	-387.989	17,1%	-2.457.422	-201.372	8,2%
Rekstrarkostnaður	-706.678	-686.995	-19.683	2,9%	-765.789	59.111	-7,7%
Vaxtagjöld	-67.327	-65.030	-2.297	3,5%	-64.945	-2.382	3,7%
Virðisrýrnun fjáreigna	-11.359	-67.384	56.025	-83,1%	-3.000	-8.359	278,6%
<b>Heildargjöld</b>	<b>-3.444.158</b>	<b>-3.090.214</b>	<b>-353.944</b>	<b>11,5%</b>	<b>-3.291.156</b>	<b>-153.002</b>	<b>4,6%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	927.047	1.584.501	-657.454	-41,5%	757.240	169.807	22,4%
Tekjuskattur	-117.052	-162.228	45.176	-27,8%			
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>809.995</b>	<b>1.422.273</b>	<b>-612.278</b>	<b>-43,0%</b>			

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

### Samsett hlutfall fyrstu níu mánuði ársins 93%

Framlegð váttrygginga á fyrstu níu mánuðum ársins var jákvæð um 738 m.kr. sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar hún var neikvæð um 198 m.kr. Allir greinaflokkar váttrygginga að frátöldum eignatryggingum og slysatryggingum skila betri afkomu en á sama tíma í fyrra og samsett hlutfall lækkar úr 102% í 93%. Áætlun félagsins gerði ráð fyrir því að samsett hlutfall í váttryggingum yrði 97% á fyrstu níu mánuðum ársins.

### Ágætis afkoma af fjáreignum á þriðja ársfjórðungi

Fjármunatekjur námu 546 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem jafngildir 2,1% ávöxtun fjáreigna. Góð afkoma var af hlutabréfum, fasteignum og ríkisskuldabréfum. Á móti kemur að önnur verðbréf lækkuðu töluvert og styrking krónunnar hafði þau áhrif að gjaldeyrismunur var neikvæður um 137 m.kr. Innlendir verðbréfamarkaðir voru misjafnir á þriðja ársfjórðungi, þannig hækkaði ríkisskuldabréfavísitala Gamma um 3,9% en hlutabréfavísitala Gamma lækkaði um 3,7%. Markaðsvísitala Gamma hækkaði um 1,4% á þriðja ársfjórðungi og því er fjárfestingarafkoma TM nokkuð góð á fjórðungnum og þá sérstaklega þegar tekið er tillit til neikvæða gjaldeyrismunarins.

Á fyrstu níu mánuðum ársins nema fjármunatekjur 2.010 m.kr. sem jafngildir 8% ávöxtun fjáreigna, en til samanburðar hækkaði markaðsvísitala Gamma um 1,4% á sama tímabili. Styrking íslensku krónunnar hefur haft töluvert áhrif á afkomu fjárfestinga, en á fyrstu níu mánuðum ársins var gjaldeyrismunur neikvæður um 277 m.kr. Á þriðja ársfjórðungi minnkaði TM gjaldeyrissáhattu sína verulega.

**Helstu niðurstöður fyrstu níu mánaða ársins voru eftirfarandi:**

	9M 2016	9M 2015	Δ	Δ%	Á 9M 2016	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	10.655.306	9.431.726	1.223.580	13,0%	10.267.220	388.086	3,8%
Fjárfestingatekjur	2.009.573	2.774.238	-764.665	-27,6%	1.801.856	207.717	11,5%
Aðrar tekjur	32.248	29.086	3.162	10,9%	28.664	3.584	12,5%
<b>Heildartekjur</b>	<b>12.697.127</b>	<b>12.235.050</b>	<b>462.077</b>	<b>3,8%</b>	<b>12.097.740</b>	<b>599.387</b>	<b>5,0%</b>
Eigin tjón	-7.719.253	-7.595.146	-124.107	1,6%	-7.784.534	65.281	-0,8%
Rekstrarkostnaður	-2.479.247	-2.291.850	-187.397	8,2%	-2.509.942	30.695	-1,2%
Vaxtagjöld	-203.382	-137.106	-66.276	48,3%	-184.149	-19.233	10,4%
Virðisrýrnun fjáreigna	-48.833	-54.655	5.822	-10,7%	-9.000	-39.833	442,6%
<b>Heildargjöld</b>	<b>-10.450.715</b>	<b>-10.078.757</b>	<b>-371.958</b>	<b>3,7%</b>	<b>-10.487.625</b>	<b>36.910</b>	<b>-0,4%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.246.412	2.156.293	90.119	4,2%	1.610.115	636.297	39,5%
Tekjuskattur	-262.838	-180.100	-82.738	45,9%			
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>1.983.574</b>	<b>1.976.193</b>	<b>7.381</b>	<b>0,4%</b>			

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

**Lykiltölur fyrstu níu mánaða ársins voru eftirfarandi:**

	9M 2016	9M 2015	Δ	Δ%	Á 9M 2016
Hagnaður á hlut (kr.)	2,89	2,67	0,22	8,2%	
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	22,6%	21,0%			
Eiginfjárlutfall	36,2%	35,7%			
Handbært fé frá rekstri	2.337	2.224	113	5,1%	
<b>Vátryggingastarfssemi</b>					
Tjónshlutfall	72,5%	80,5%	-8,0%		76%
Kostnaðarhlutfall	20,6%	21,6%	-1,0%		22%
Samsett hlutfall	93,1%	102,1%	-9,0%		97%
Hagnaður/tap	1.195	358	837	234,1%	766
Framlegð	738	-198	937	472,0%	263
<b>Fjárfestingar</b>					
Ávöxtun fjáreigna	8,0%	10,8%			
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>1.984</b>	<b>1.976</b>	<b>7</b>	<b>0,4%</b>	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

**Áætlaður hagnaður ársins rúmar 3.000 m.kr.**

Afkoma TM á fyrstu 9 mánuðum ársins var umtalsvert betri en áætlun gerði ráð fyrir. Félagið áætlar að afkoma fjórða ársfjórðungs verði í samræmi við áður útgefna áætlun og því verði hagnaður ársins fyrir skatta rúmar 3.000 m.kr. í stað 2.395 m.kr. eins og fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Uppfærð áætlun gerir ráð fyrir að samsett hlutfall verði 94% og ávöxtun fjáreigna 11%.

**Kynningarfundur kl. 8:30 föstudaginn 28. október.**

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi 2016 þann 28. október kl. 8:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynni Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörð og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins [www.tm.is](http://www.tm.is). Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Fylgjast má með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/681887709>

**Fjárhagsdagatal**

4. ársfjórðungur: 16. febrúar 2017

Aðalfundur: 16. mars 2017 kl. 16:00. Frestur fyrir hluthafa til að leggja mál eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum er til fimmtudagsins 16. febrúar 2017.

**Nánari upplýsingar:**

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM

S: 515-2609

sigurdur@tm.is